

	ISO 14001 Umhverfisstjórnun	Skjalnr: LBB-420
		Útgáfa: 3.0
		Samþ. Form. Öryggisn.
		Bls. 1 af 2

Umhverfisstjórnun hjá N1

Leiðbeiningar fyrir verktaka og þjónustuaðila

1. Inngangur

N1 er verslunar- og þjónustufyrirtæki á innanlandsmarkaði. Fyrirtækið sérhæfir sig í bílatengdri starfsemi ásamt heildarlausnum í rekstrarvörum, olíu og eldsneyti fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Margir þjónustu- og samstarfsaðilar vinna við og á starfsstöðvum fyrirtækisins. N1 leggur mikinn metnað í umhverfis- og öryggismál, með þessum leiðbeiningum viljum við kynna helstu leiðbeiningarfyrir verktaka og þjónustuaðila.

Vinsamlegast athugið að leiðbeiningar þessar eru ekki tæmandi fyrir ábyrgð og skyldur verktaka. Leiðbeiningar þessar færa ekki ábyrgð öryggismála frá verktaka yfir á N1.

2. ST-002 Umhverfisstefna N1

N1 hefur ábyrga umhverfisstefnu. N1 skuldbindur sig til að vinna með markvissum aðgerðum að því að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar.

Það gerir N1 með því að:

- Selja umhverfisvæna orkugjafa og vörur ásamt því að vinna markvisst að auknu framboði á þeim.
- Þekkja og taka tillit til umhverfismála í starfsemi N1 og þannig stuðla að betra umhverfi.
- Að starfsstöðvar N1 uppfylli gildandi lög og reglugerðir í umhverfismálum.
- Að skilgreindar starfsstöðvar starfi samkvæmt kröfum ISO 14001.
- Að bæta stöðugt virkni og umfang umhverfisstjórnunarkerfisins.
- Mengunarvarnir N1 á hverjum tíma taki mið af líklegum framtíðarkröfum á þessu sviði.
- Viðhafa bestu fánlegu mengunarvarnir við endurnýjun og viðhald búnaðar í námunda við náttúruperlur.
- Hvetja til virðingar fyrir umhverfinu og leggja áherslu á skyldur hvers og eins starfsmanns til að svo megi verða.
- Vinna markvisst að fræðslu og þjálfun starfsmanna til að koma í veg fyrir óhöpp og mengunarslys af völdum starfseminnar.
- Skrá mengunaróhöpp svo og öll atvik sem gætu valdið mengun eða umhverfisóhöppum í Tilkynningagrunn og nýta þær upplýsingar til markvissra forvarna.
- Upplýsa yfirvöld um mengunaróhöpp og hvernig brugðist er við þeim. Vinna hratt og markvisst með yfirvöldum ef um yfirvofandi mengunarhættu er að ræða.

3. Kröfur til verktaka og þjónustuaðila

Yfirmaður á starfsstöð upplýsir verktaka/þjónustuaðila um öryggisvörð og öryggistrúnaðarmann (ef það á við).

Ætlast er til að verktakar og þjónustuaðilar fari að þeim lögum, reglugerðum og reglum sem varða öryggi og heilbrigði á vinnustað. Má þar nefna lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað ásamt síðari breytingum. Reglugerð 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. Reglum nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og

	ISO 14001 Umhverfisstjórnun	Skjalnr: LBB-420
		Útgáfa: 3.0
		Samþ. Form. Öryggisn.
		Bls. 2 af 2

öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð þar sem það á við.

3.1 Óhöpp, tjón og hugsanleg hættu

Tilkynnið ávallt stjórnendum, öryggiverði eða öryggistrúnaðarmanni um slys, óhapp eða tjón sem gerist á starfsstöð N1. Einnig er mikilvægt að tilkynna næstum því slys, óhapp eða tjón á starfsstöð til sömu aðila. Mikilvægt er að fulltrúi N1 skrái tilkynningu ávallt í tilkynningagrunn óháð alvarleika.

3.2 Persónuhlífar

Verktaki/þjónustuaðili skal sjá til þess að starfsmenn á hans vegum noti ávallt viðeigandi persónuhlífar í samræmi við áhættumat verks og varnarsetningar efna. Persónuhlífar skulu vera CE-merktar í samræmi við gildandi lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað (nr. 46/1980).

3.3 Neyðar- og viðbragðsáætlanir N1

Verktaki/þjónustuaðili skal kynna sér eftirfarandi neyðar- og viðbragðsáætlanir N1, eins og við á, í samstarfi við yfirmann starfsstöðvar.

VIN-311 Neyðar- og viðbragðsáætlanir umhverfisatvika/slysa og slys á fólki.

3.4 Frágangur

Verktaki/þjónustuaðili skal ganga snyrtilega um starfsstöðvar N1 og skal verktaki skila framkvæmdarsvæði í snyrtilegu horfi. N1 hvetur verktaka og þjónustuaðila til að lágmarka myndun úrgangs.

3.5 Almennur úrgangur

Vinsamlegast flokkið sorp til endurvinnslu eins og kostur er í samráði við viðkomandi yfirmann starfsstöðvar. Öðrum úrgangi sem ekki er hægt að flokka á starfsstöð skal skila til viðurkennds móttökuaðila. Ekki er heimilt að hella varnaðarmerktum efnum beint í frárennsli.

3.6 Spilliefni

Spilliefnum skal haldið aðskilum frá almennum úrgangi, skilað í spilliefnagám á starfsstöð eða skilað til viðurkennds móttökuaðila. Við notkun og geymslu skal gæta þess að ekki sé hættu á mengun á umhverfi.

3.7 Eiturefni og hættuleg efni

Eru efni sem eru merkt með varnaðarmerkjum ásamt varúðar- og/eða hættusetninum. N1 leggur áherslu á að lágmarka notkun þeirra eins og kostur er. Bannað er að nota efni sem eru bönnuð samkvæmt íslenskum reglugerðum. Ætíð skal geyma eiturefni og hættuleg efni á tryggann og öruggann hátt þar sem óviðkomandi aðilar ná ekki til. Verktaki skal gæta þess að starfsmenn sem meðhöndla eiturefni og hættuleg efni hafi þekkingu á þeim og aðgang að öryggisblöðum efna á íslensku.

3.8 Umhverfisóhöpp

Tilkynna skal umhverfisóhöpp og næstum því umhverfisóhöpp til yfirmanns starfsstöðvar eða gæðastjóra strax og hennar verður vart til skráninga í Tilkynningagrunn. Mikilvægt er að upplýsa óhapp eða næstum því óhapp óháð alvarleika.